

Beiðni um möguleika á bættu aðgengi að CrossFit-aðstöðu og búnaði

Mig langaði að kanna hvort möguleiki væri á að bæta aðstöðu til CrossFit-iðkunar í íþróttamiðstöðinni, sem og að fjárfesta í frekari búnaði sem nýtist til slíkra æfinga.

Með bættri aðstöðu og viðeigandi búnaði væri mögulegt að stofna CrossFit-hóp fyrir áhugasama íbúa svæðisins og skapa tækifæri til fjölbreyttari hreyfingar. Slíkur hópur gæti aukið samfélagslega virkni, hvatt til heilbrigðs lífsstíls og nýst sem gott framlag til velferðar íbúa.

Ef vilji er fyrir hendi að skoða þetta nánar, væri ég mjög til í að aðstoða við að koma með tillögur að búnaði og aðstöðu, ásamt því að útfæra hvernig slíkur hópur gæti starfað.

Takk kærlega fyrir að taka erindið mitt til skoðunar. Ég hlakka til að heyra frá ykkur.

Bergrún Guðmundsdóttir

30. maí 2025

*Sent á forstöðumann íþróttamiðstöðvar og
formann velferðar og fræðslunefndar*